




Framkvæmda- fréttir

3. tbl. /04



Tilboð í gerð vegganga um Almannaskarð voru opnuð 27. janúar. Niðurstöður eru birtar á bls. 7. Myndirnar til vinstri hér að ofan eru af gangamunna að norðanverðu. Myndirnar til hægri eru af gangamunna að sunnanverðu. Á efri myndinni má sjá núverandi veg til vinstri. Tölvumyndir: Teikn á lofti ehf.

19. þing Norræna vegtæknisambandsins Fólk á ferð (Mennesker og mobilitet)

Skráning og allar upplýsingar www.mobilitet.2004.dk



19. þing Norræna vegtæknisambandsins verður haldið í Bella Center í Kaupmannahöfn 7.-9. júní 2004. Samhliða þinginu verður haldin stór sýning á 1.300 fermetra svæði.

Tilgangur þingsins er að miðla nýjustu þekkingu á umferð og vegasamgöngum.

Þemaskipting þingsins er:

A: Ferðamáti í framtíðinni (mobilitet i fremtiden)

B: Yfirsýn fyrir skipulag (perspektiver for planlægning)

C: Betri og ódýrari nýjungar (bedre og billigere gennem nytænkning og udvikling)

Þingið er ætlað fyrir alla þá sem koma að vegamálum á einhvern máta s.s. opinbera starfsmenn, ráðgjafa, verktaka og fagfólk við rannsóknir. Sérstök dagskrá verður fyrir maka þátttakenda eða aðra förunauta.

Þáttökugjald er DKK 5.970 ef skráning er fyrir 1. mars en DKK 6.970 ef skráning er eftir 1. mars.

Þáttökugjald fyrir förunauta er DKK 995 ef skráning er fyrir 1. mars en DKK 1.495 ef skráning er eftir 1. mars.

Allir fyrirlestrar á þinginu verða túlkaðir á ensku.


Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 12. árg. nr. 360 16. feb. 2004

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt,
útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.



Þróun landbrots við Jökulsárlón. Loftmynd tekin í ágúst 1996. Ísgraf ehf.



Helgi Jóhannesson
deildarstjóri á brúardeild
skrifar

Rannsóknir og framkvæmdir við Jökulsá á Breiðamerkursandi

Undanfarna áratugi hefur átt sér stað mikið rof á ströndinni framan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Frá 1904 til 1989 var rofið 700 m eða um 8 m/ári. Vegagerðin hefur frá árinu 1991 framkvæmt árlegar mælingar á rofinu og er niðurstaða þeirra mælinga sú að rofhraðinn austan og vestan árinna hefur verið að meðaltali 5 m/ári frá 1991 til 2003.

Allt frá árinu 1990 hefur Vegagerðin staðið fyrir talsvert miklum rannsóknum á Breiðamerkursandi með það að markmiði að tryggja öryggi Hringvegarins á þessu svæði. Fyrstu árin var áherslan lögð á kortagerð af sandinum, lóninu, Breiðamerkurjökli og landinu undir jöklinum. Lagt var mat á þann kost að hopa með veginn eins fjarri sjónum og mögulegt væri. Niðurstaðan var sú að til greina kemur að hopa með veginn allt að 250 m inn í lónið. Vegfylling yrði þá byggð yfir syðsta hluta lónsins í allt að 400 m fjarlægð frá núverandi brú. Ný brú yrði þá hugsanlega byggð yfir Jökulsá í gömlum farvegi árinna þar sem vegfyllingin kemur að landi að austanverðu. Einnig kemur til greina að velja annan stað fyrir

sjálfa brúna t.d. í farvegi Stemmu sem er nokkuð fyrir austan Jökulsárlón.

Árið 2002 hóf Vegagerðin samstarf við Siglingastofnun um athugun á þeim möguleika að verja ströndina. Búið er að gera þrjár mælingar á sjávarbotninum framan við Breiðamerkursandi og voru þær gerðar árin 1996, 2002 og 2003. Þá hefur einnig fundist hentugt grjótnám í gabbróinnskoti norðan við Breiðárlón sem komið hefur undan jökli samfara hopi Breiðamerkurjökuls. Fjarlægðin frá Jökulsá að grjótnáminu er 12 km. Ráðgert er að ljúka frumdrögum af strandvörnum á þessu ári.

Vegagerðin hefur á undanförunum árum styrkt með grjóti farveg Jökulsár. Stærsta átakið var gert veturinn 2003 í kjölfar mikils rofs sem átti sér stað á bökkum og botni árinna í flóði haustið 2002. Búið er að verja árbakka Jökulsár eins og sýnt er á meðfylgjandi teikningu. Þá hafa verið gerðir tveir grjótpöskuldar yfir farveg árinna, 100 m ofan og neðan brúarinnar, sem hafa það hlutverk að takmarka rof á árbotninum, draga úr innstreymi sjávar inn í lónið og auk þess kemur efri þröskuldurinn í veg fyrir að stórir jakar geti borist niður að brúnni.

Þegar árfarvegurinn var styrktur veturinn 2003 var þess gætt að þær aðgerðir nýttust sem fyrsti áfangi strandvarna ef sú kostur væri talinn fýsilegur. Teiknuð var ný veglína sem nýtir núverandi brú en er samt eins fjarri sjónum og kostur er. Skilgreind var varnarlína fyrir þá veglínu en varnarlínan er sú lína þar sem byggðar verða strandvarnir í framtíðinni ef sú kostur verður valinn. Á meðfylgjandi teikningu er sýnd veglína eins og hún var fram til 1992, núverandi vegur, endanleg



Grjótvörn austurbakka ofan brúar.



Grjótvörn vesturbakka neðan brúar.

veglína fyrir núverandi brú og varnarlína fyrir þá veglínu. Veturinn 2003 var byggður varnargarður yfir lægð í landinu á 240 m löngum kafla í varnarlínunni austan Jökulsár. Grjótið í aðgerðirnar sem unnar voru árið 2003 var tekið úr grjótnáminu við Breiðárlón og var þar um að ræða samtals 60.000 m³ af lausu grjóti og síuefni.

Mannvirki á Breiðamerkursandi munu á næstu árum smám saman færast í endanlega legu miðað við staðsetningu núverandi brúar. Landsvirkjun gerir ráð fyrir að þurfa á þessu ári að færa raflínuna (Prestbakkalína) austan Jökulsár í þá legu sem sýnd er á meðfylgjandi teikningu. Vegagerðin ráðgerir að færa veginn austan Jökulsár eins og sýnt er á meðfylgjandi teikningu þegar fjarlægðin frá fjörubakka í veg er 50 m. Ef miðað er við að rofhradinn sé að meðaltali 5 m/ári þá þarf Vegagerðin að færa veginn eftir u.þ.b. 5 ár. Hvaða framtíðarlausn verður valin til að tryggja öryggi Hringveggarins á þessu svæði mun hins vegar ráðast af niðurstöðum þeirra athugana sem nú eru í gangi um möguleikann á strandvörnum framan við Jökulsárlón.



Rögnvaldur Jónsson
framkvæmdastjóri tæknisviðs
Vegagerðarinnar skrifar

19. þing NVF

Norræna vegtæknisambandið, NVF, var stofnað í júní 1935 af Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Þá var einnig haldin fyrsta norræna ráðstefnan um vegagerð. Árið 1975 bættust Færeyjar í hópinn. Hugmyndin að NVF kom frá heimssambandi vegagerða, PIARC, sem var stofnað 1908 og vinna þessi tvö sambönd á svipaðan hátt. NVF er deild í PIARC en vinnur sjálfstætt. NVF hefur einnig samstarf við Baltneska vegtæknisambandið, BRC.

Í stjórn NVF sitja þrjú menn frá hverju landi. Hvert land er deild innan NVF og er viðkomandi vegamálastjóri formaður deildar. NVF er stjórnað af svokölluðu leiðandi landi og hafa Danir það hlutverk núna. Skipt er um leiðandi land á fjögurra ára fresti og í lok hvers tímabils er haldin ráðstefna. Danir sjá um ráðstefnu í Kaupmannahöfn dagana 7.-9. júní í ár og er hún auglýst hér í blaðinu.

Starfsemin fer fram í nefndum sem skipaðar eru fólki frá aðildarlöndunum. Í heild starfa nálægt 800 manns í NVF og er það m.a. fólk frá vegagerðunum, ráðgjöfum, verktökum, menntastofnunum og sveitarfélögum. Nú eru starfandi sextán nefndir og tvær tímabundnar nefndir. Reynt er að spanna öll þau svið sem viðkemur gerð nýrra vega, brúa og jarðganga ásamt viðhaldi og þjónustu þeirra. Við tökum þátt í ellefu nefndum og leiðum tvær nefndir. Óhætt er að segja að með þátttöku í nefndastarfi er hægt að fá miklar upplýsingar því í nefndunum taka þátt helstu sérfræðingar á hverju sviði. Einnig verða til góð sambönd sem nýtast þegar þörf er á frekari upplýsingum. Á þessu ári verður skipað að nýju í nefndir NVF og eru allir sem áhuga hafa á þátttöku á nefndastarfi hvattir til að hafa samband við undirritaðan sem veitir nánari upplýsingar. Einnig eru mjög aðgengilegar upplýsingar um starfsemi NVF á heimasíðu www.nvfnorden.org.

Ráðstefnan sem haldin verður í Kaupmannahöfn í vor er mjög áhugaverð fyrir alla þá sem að vegasamgöngum starfa. Þar verður allt svið vegasamgangna spannað og fluttir fyrirlestrar af reyndum sérfræðingum á hverju sviði. Þess vegna eru þeir sem áhuga hafa hvattir til að kynna sér það sem er í boði og bestu upplýsingarnar fást á heimasíðu ráðstefnunnar www.mobilitet.2004.dk

Rannsóknarráð umferðaröryggismála styrkir rannsóknir sem efla umferðaröryggi

Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) er ætlað að stuðla að hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys og draga úr afleiðingum slysa. Ráðinu er m.a. ætlað að hvetja til, eiga frumkvæði að, skipuleggja, framkvæma og styðja rannsóknir á sviði umferðaröryggis.

Hér með auglýsir ráðið eftir umsóknum um fjármögnun eða styrki til rannsóknarverkefna á framangreindu sviði. Bæði getur verið um að ræða heildarfjármögnun eða þátttöku í kostnaði.


Umsóknir þurfa að berast á tilskildum eyðublaðum fyrir

8. mars 2004. Unnt er að nálgast eyðublaðið á heimasíðu Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/rannnum.html>

Athygli er vakin á því að búið er að endurnýja umsóknarformið og þarf að fylla eyðublaðið út beint á netinu. Hluta þess fjármagns sem er til ráðstöfunar verður nú varið til verkefna sem RANNUM skilgreinir, þannig að minna fé verður veitt til verkefna sem sótt er um.

Nánari upplýsingar gefur Ásdís Guðmundsdóttir, deildarstjóri rannsókna og þróunar, asdis.e.gudmundsdottir@vegagerdin.is.



Nýtt svæðaskipulag Vegagerðarinnar
tekur gildi 1. mars



10.02.04.JG

	Skrifstofa svæðis
	Skrifstofa umdæmis
	Þjónustustöð
	Vélaverkstæði
	Mörk svæða
	Mörk sumarþjónustusvæða



Baldur Þ. Þorvaldsson
deildarstjóri á brúadeild
skrifar

Stálræsi í stað brúa

Á seinustu árum hefur aukist mjög að nota stálræsi í stað smábrúa. Þetta er oft stálbogi á steiptum veggjum. Á enda bogans kemur síðan steiptur krans. Sérstaklega hefur þetta verið þar sem

skipt hefur verið út einbreiðum brúm. Reyndar er þess að geta að vatnsopið í ræsunum er yfirleitt minna en fyrir brýrnar sem fyrir eru.

Til þess að þessi ræsi geti gegnt sama hlutverki m.t.t. vatnsopsins þarf að vera nokkur veghæð ofan á ræsinu, svo að vatnsborðið geti stigið í flóðum upp fyrir ræsið ofan straums, án þess að ná upp á veginn. Þetta eykur straumhraðann í ræsinu og þarf botninn að þola hann. Því er þessi gerð ræsa helst höfð þar sem botninn er klöpp, sem tryggir roföryggið. Þar sem vegfylling er oft nokkur í giljum (til að minnka lágboga vegarins) er þar með oft næga veghæð að hafa fyrir ræsið.

Við þessar ofangreindu aðstæður geta þessi ræsi (stálræsi) komið í stað smábrúa af lengdinni 4-20 m. Þessi mannvirki eru oftast ódýrari en brýrnar. Reyndar er þess að geta að kostnaðurinn felst ekki nema að litlu leyti í innkaupsverði á stálinu. Steyptu hlutarnir eru dýrastir. Það er mikill kostur að geta haft vegyfirborðið samfellt ótruflað af brúarplötu og brikum eins og við brýrnar.

En það er að ýmsu að hyggja. Til að mannvirkið sé vel heppnað þarf hönnunin og frágangur að vera í góðu lagi. Þar reynir á samvinnu allra aðila sem að málinu koma. Þegar veggirnir undir stálbogann koma á klöppina, ræðst endanlega á staðnum fyrirkomulag þeirra. Frágangur grjótvagnar þarf að vera smekklegur og falla vel að landinu.

Þegar vel tekst til og allt hefur gengið upp, hönnunin og verkframkvæmdin, geta þessi mannvirki gefið umhverfinu aukið gildi í huga þess sem kemur að því. Það er a.m.k. mat undirritaðs og eru sýnd dæmi um slíkt með tveimur ljósmyndum. Þær eru af 7 m ræsi (sem boginn spannar) frá árinu 2000 í Austurá í Sölvhólsdal í Dalasýslu á leiðinni niður af Bröttubrekku að norðan. Ræsið leysti af hólmi 14 m einbreiða brú frá árinu 1970.



Austurá ofan vegar.



Austurá neðan vegar.



Myndin hér til hliðar fannst í myndasafni Jóns Víðis. Ekki hefur okkur tekist að þekkja staðinn né mennina á myndinni og leitum við því til lesenda. Þeir sem þekkja til eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Jakob Hálfðanarson, jjh@vegagerdin.is, sími 522 1253.

Niðurstöður útboða

Kringlumýrarbraut – Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum

03-100

Tilboð opnuð 3. febrúar og 10. febrúar 2004. Reykjanes-umdæmi og Umhverfis- og tæknisvið Reykjavíkur. Tilboð í frumdrög hönnunar og umhverfismat vegna framkvæmda við gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar/Listabrautar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir þriggja hæða gatnamótum á Kringlumýrarbraut/Miklubraut og tveggja hæða gatnamótum á Kringlumýrarbraut/Listabraut. Annar valkostur verður plangatnamót á báðum stöðum. Frumdrög hönnunar skal byggja á áfangaskýrslu frumdraga. Frumdrögum hönnunar og mati á umhverfisáhrifum skal lokið fyrir 13. desember 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Fjölhönnun ehf., / Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík	64	23.612.915
Hönnun hf., verkfræðistofa, Reykjavík	57	22.875.700
Línuhönnun hf., Reykjavík	68	19.263.100
VSÓ ráðgjöf hf.	62	22.532.280
VST hf., Reykjavík	62	20.697.000

Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð

03-064

Tilboð opnuð 27. janúar 2004. Austurlandsumdæmi. Gerð jarðganga undir Almannaskarð ásamt vegskálum og vegagerð á Hringvegi báðum megin ganganna. Jarðgöngin verða 1.146 m löng, steinsteyptir vegskálar 162 m og vegagerð um 4,1 km. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur eru: Fyllingarefni úr skeringum og námum 200.000 m³, stálroraræsi 380 m, neðra burðarlag 36.000 m³, bergskeringar 20.000 m³, efra burðarlag 8.000 m³, klæðing 32.000 m², malbik 18.000 m², gröfur í göngum 63.000 m³, bergboltar 2.500 stk., sprautusteypa 2.000 m³, röralagnir 4.500 m, mót vegskála 6.500 m², járnalögn í vegskála 160.000 kg, steypa vegskála 1.300 m³, strengstigar 1.400 m, strengir 12.000 m, lampar 137 stk.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Jarðvélar ehf., Kópavogi	1.079.410.500	126,1	300.185
4 NCC og IAV, Reykjavík	959.072.127	112,0	179.847
--- Áætlaður verktakakostnaður	856.095.000	100,0	76.870
3 Ístak hf., Reykjavík	805.754.332	94,1	26.529
2 Arnarfell ehf., Akureyri	797.133.058	93,1	17.908
1 Héraðsverk ehf. og Leonhard Nilsen og sonner	779.225.191	91,0	0

Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi, eftirlit

04-001

Tilboð opnuð 27. janúar og 3. febrúar 2004. Reykjanes-umdæmi. Í verkinu felst eftirlit með gerð Arnarnesvegur frá Fífuhvamsvegi að tengibraut að Hörðuvöllum, byggingu þrenna undirganga, lagningu göngu- og reiðstíga, mótun hljóðmana auk annars frágangs.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. október 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík	43	5.890
Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa, Reykjavík	43	6.667
Hnit hf., verkfræðistofa, Reykjavík	44	7.771
Hönnun hf., verkfræðistofa, Reykjavík	44	5.751
Línuhönnun hf., Reykjavík	47	5.265
Strendingur ehf.	43	5.400
VBÓ hf., Kópavogi	43	5.503

Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi

03-101

Tilboð opnuð 27. janúar 2004. Reykjanesumdæmi. Verkið felst í að leggja tvær akreinar Arnarnesvegur frá Fífuhvamsvegi að tengibraut að Hörðuvöllum, byggingu þrenna undirgöng, leggja göngu- og reiðstíga, móta hljóðmanir auk annars frágangs.

Helstu magntölur í veghluta eru: Skeringar í laus jarðlög 74.500 m³, bergskeringar 800 m³, fylling og neðra burðarlag 55.000 m³, efra burðarlag 4.430 m³, malbik 13.950 m².

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru: Mótálfletir 1.370 m², steypustyrktarjárn 34.000 kg, steinsteypa 310 m³.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
8 Klæðning ehf., Kópavogi	224.310.950	103,5	57.766
7 E.K. vélar ehf. og Spöng ehf.	219.135.408	101,1	52.590
--- Áætlaður verktakakostnaður	216.730.000	100,0	50.185
6 Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	207.742.320	95,9	41.197
5 Verktaka Magni ehf., Kópavogi	185.660.660	85,7	19.115
4 Jarðvélar ehf., Kópavogi	177.237.075	81,8	10.692
3 Háfell ehf., Reykjavík	175.874.265	81,1	9.329
2 Loftorka Reykjavík ehf. og Suðurverk ehf., Hafnarfirði	175.451.795	81,0	8.907
1 IAV, Reykjavík	166.545.252	76,8	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvara-
laust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðar. Þá er skammstöfun fyrir
umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vesfirðir,
N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-004 VI. Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Nv. Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 VI. Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Vf. Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Ne. Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Nv. Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-019 Ne. Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	04
04-018 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-021 Vf. Yfirlagnir á Vestfjörðum 2003	04
04-024 VI. Landgræðsla á Vestfjörðum 2004	04
04-022 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	04
03-033 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
03-005 Nv. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Nv. Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Nv. Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Nv. Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-012 Nv. Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Nv. Efríbyggðarvegur (751), Álfgaersvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Ne. Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Nv. Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Nv. Hegransvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	04
04-025 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn í Suðurlandsumdæmi, Helliheiði, Þrengslavegur og Árborgarhringur	04
04-002 VI. Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-020 Vf. Drangnesvegur (645), Skárklettanes - Fiskines	04
04-015 Nv. Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	04
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	04
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04	
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04	
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04	
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging 2. áfangi	04	
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-098 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	12.01.04	10.02.04
03-100 Rn. Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.04	03.02.04
03-101 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi	12.01.04	27.01.04
04-001 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, eftirlit	12.01.04	27.01.04
03-064 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	01.12.03	23.12.03
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni SG vélar ehf., Djúpvaggi	04.11.03	30.01.04

Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit

03-098
Tilboð opnuð 10. febrúar 2004. Austurlandsumdæmi. Gerð Hringvegur í jarðgöngum undir Almannaskarð. Um er að ræða eftirlit með verkinu „Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð“ þar sem byggð verða um 1.146 m löng tvíbreið jarðgöng, 162 m langir vegskálar ásamt endur- og nýbyggingu vegar á 4,1 km löngum kafla norðan og sunnan ganganna.


Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og voru tilboð opnuð 27. janúar 2004. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2004 og að þeim ljúki í júní 2005.

Síðari opunarfundur verður 17. febrúar þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Bjóðandi

VSÓ ráðgjöf og Lahmeyer Int.

GeoTek ehf., Reykjavík



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 9. febrúar 2004. Samtals er búið að sprengja 2.956 m sem gerir 51,9%.